

Takk Lars

Undir stjórn Lars Lagerbäck og Heimis Hallgrímssonar munu strákarnir okkar í knattspyrnulandsliðinu taka þátt í lokakeppni á stórmóti í karlaflokki í fyrsta sinn.

Frakkland 🇫🇷 við erum á leiðinni!

➔16



Fréttablaðið/Vilhelm

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur
250 mg



Actavis

LANDMARK FASTEIGNASALA

Sími

512 4900

landmark.is

LANDMARK

Fréttablaðið í dag

FRÉTTIR

Brynhildur Björnsdóttir er nýr stjórnarformaður Bjartrar framtíðar. **4**



Ungir sem aldnr flóttamenn dvelja dögum saman í fullkominni óvissu á lestarstöðinni í Ungverjalandi. **6**

Ný skoðanakönnun sýnir að naumur meirihluti Breta vill að Bretland yfirgefi Evrópusambandið. Cameron vill áfram aðild með skilyrðum. **10**

SKOÐUN Þórir Guðmundsson hjá Rauða krossinum segir að við Íslendingar séum rík þjóð sem getum máltaskað. **12**

SHALDÖR
12



SPORT Einkunnir íslensku strákanna í leiknum. **16**


TÍMAMÓT Barnabókahöfundur fagnar áttæðisafmæli sínu. **20**

LÍFID Edda Guðmundsdóttir stíliseraði Taylor Swift fyrir myndbandið Blank Space. **30**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Á morgun bætir í vind og rigningu vestanlands og von á hellidembum á Snæfellsnesi og Barðaströnd. Sunnanstrekkingur og úrkomuminna í dag, en áfram bleyta. Það spár hins vegar blíðskaparveðri norðan og austan til þó að þykkni aðeins upp þar um tíma í nótt. **SJÁ SIÐU 22**

Skuldir ofbeldismanna aukist um 100 milljónir


STJÓRNSÝSLA Skuldir dæmdra ofbeldismanna hafa aukist um 98 milljónir síðan í júlí á síðasta ári. Heildarupphæð skuldanna er 538,5 milljónir króna.

Að baki skuldunum liggja 505 mál. Íslenska ríkið greiðir þolendum brotanna, hvort sem það eru líkamsárásir eða kynferðisbrot, bætur fyrir ofbeldið. Miskabæturnar fara svo í endurkröfu til ofbeldismannanna.

Tveir ofbeldismenn skulda mest allra á listanum, eða nítján milljónir hvor um sig.

Í Fréttablaðinu á síðasta ári var greint frá því að illa gengi að innheimta skuldirnar. Um væri að ræða þau brot sem vörðuðu við langa fangelsisrefsingu. Á meðan fangelsisvist stæði yfir hefði fólkíð engar tekjur, sem gerði niðurgreiðslu skulda erfiða. - **snæ**

Skuldir ofbeldismanna



STJÓRNMÁL

Laufey Rún formaður

Laufey Rún Ketilsdóttir var kjörin formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna á sambandsþingi sem haldið var í Vestmannaeyjum nú um helgina og bar yfirskriftina „Frjáls þjóð, frjáls markaður, frjálst fólk“. Elvar Jónsson var kjörinn varaformaður.

Rífastemning á Ingólfstorgi



Gleðin ríkjandi Fjöldi fólks var samankominn á Ingólfstorgi í gær til að horfa á Leik Íslands gegn Kasakstan og var mikið fagnað í leiklok. Fögnuðurinn varð svo enn meiri eftir leikinn þegar liðsmenn íslenska landsliðsins litu við. Fréttablaðið/Vilhelm

Niðurfelling vegna galla á lögum

DÓMSMÁL Sérstakur saksóknari dregur ekki í efa að sú háttsemi Samherja sem Seðlabanki Íslands kærði til sérstaks saksóknara geti talist brotleg við lög. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Seðlabankanum. Mál saksóknara á hendur Samherja hefur verið látið niður falla.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, var harðorður í máli þegar hann ræddi málalýktir í kvöldfréttum Stöðvar 2 á föstudaginn. Sagði hann að til málsins hefði verið stofnað af illum vilja seðlabankastjóra.

Seðlabankinn segir að ágallar hafi verið á lögum um gjaldeyrismál þegar þau voru sett 2008 og varða refsíabýrgð lögaðila. Þessir ágallar standi ekki í vegi fyrir því að Seðlabanki Íslands beiti lögaðila stjórnvaldssektum. - **snæ**

Tryggingagjald lækki um eitt prósentustig

Samtök iðnaðarins segja að tekjur ríkissjóðs af tryggingasjóðsgjaldi hækki um 5 milljarða á næsta ári. Þau vilja að tryggingagjaldið verði lækkað um eitt prósentustig. Eitt af brýnustu hagsmunamálum iðnrekenda.

EFNAHAGSMÁL Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi munu hækka um fimm milljarða vegna kjarasamninganna í vor. Þetta fullyrðir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Tryggingagjald er 7,49% af öllum launagreiðslum í landinu. Almar bendir á að í fjárlögum síðasta árs hafi verið reiknað með að tryggingagjöld myndu skila um 78 milljörðum. Niðurstaða kjarasamninganna þýði að þessi tala muni hækka.

Almar segir að fjármálaráðherra hafi talað skýrt um að staða ríkissjóðs leyfi lækkanir á ýmsum sköttum og gjöldum. Samtök iðnaðarins vilji því sjá tryggingagjald lækka um minnst eitt prósentustig í fjárlögum fyrir árið 2016. Fjárlagafrumvarpið verður kynnt á morgun. „Fjármálaráðherra er alveg fullkunnugt um það hvar við stöndum í þessu,“ segir Almar þegar hann er spurður að því hvort Samtök iðnaðarins hafi rætt þetta mál við ráðherra meðan á fjárlagavinnunni stóð. „Við erum í reglulegum samskiptum við stjórnvöld og það liggur fyrir í þeim samskiptum að þetta er mjög ofarlega á okkar lista,“ bætir hann við.

Hann bendir á að tryggingagjaldið leggst á allar launagreiðslur í landinu en sé greitt af vinnuveitendum. Lækkun tryggingagjalds sé þess vegna alveg jafnmikið hagsmunamál fyrir alla launþega í landinu og atvinnurekendur þótt það sé ekki sýnilegt launþegum eins og tekjuskatturinn. Þá segir Almar að gjaldið hafi sérstaklega slæm áhrif á litil fyrirtæki þar sem sérhver ráðning starfsmanns vegi þungt. Enn fremur finni mannaútsflek fyrirtæki mikið fyrir gjaldinu



Samtök iðnaðarins segja að bæði atvinnurekendur og launþegar beri byrðarnar af tryggingagjaldinu, jafnvel þótt það sé launþegum ekki sýnilegt. Fréttablaðið/Daniel

Við erum í reglulegum samskiptum við stjórnvöld og það liggur fyrir í þeim samskiptum að þetta er mjög ofarlega á okkar lista.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins



og það valdi því að fyrirtækin vaxi hægar en ella og verðmætasköpunin verði minni. Ábatinn af því að lækka gjaldið sé því mikill. „Það ýtir undir atvinnu, heldur aftur af verðbólgu vegna kjarasamninga og styður við hagvöxt og framleiðniaukningu,“ segir Almar.

Almar bendir á að í könnun sem gerð er árlega fyrir Iðnþing komi fram að lækkun tryggingagjalds sé þriðja helsta áhersluatriðið sem iðnrekendur bendi á.

Viðskiptaráð Íslands hefur einnig hvatt til þess að tryggingagjaldið verði lækkað, með þeim rökum að lægra tryggingagjald skili sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum miklum ávinningi.

jonhakon@frettabladid.is

BRIDS SKÓLINN



BYRJENDUR (stig 1) ... **21. sept.** 8 mánudagar frá 20-23

KERFIÐ (stig 2) ... **23. sept.** 8 miðvikudagar frá 20-23

- **STIG 1** Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur spilsins og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Ekkert mál að mæta ein/einn.
- **STIG 2** Sagnir eru í forgrunni á þessu námskeiði, bæði tveggja-manna-tal og sagnbaráttan. Mikið spilað og ekki nauðsynlegt að koma með makker.

- Staður: **Síðumúli 37** í Reykjavík
- Sjá nánar á **bridge.is** /fræðsla
- Upplýsingar og innritun í síma ... **898-5427**



JÓNSSON & LEWACKS • JI-115 • SIA

Til hamingju strákar!

Við óskum íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu hjartanlega til hamingju með langþráð sæti í lokakeppni EM í Frakklandi 2016. Við erum stolt af stuðningi okkar við liðið og þessum sögulega árangri þess. Góða ferð!





Óttarr Proppé var sjálfkjörinn formaður Bjartrar framtíðar. Áður en hann hellti sér út í stjórnmálin hafði hann gert garðinn frægan sem rokkari og bóksali. Hann segist í raun ekki hafa persónulegan metnað fyrir formannsembættinu, hann finni þó til ábyrgðar. Fréttablaðið/Snærós

Vaxtarverkir, formlegheit og ný forysta

Aðalfundur Bjartrar framtíðar fór fram á laugardag. Lítið var um nýliða en allir helstu áhrifamenn flokksins voru saman komnir til að skipta um menn í brúnni. Flokkurinn afgreiddi heilbrigðisstefnu og umhverfisstefnu af fundinum en önnur stefnuplög bíða betri tíma.

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Við erum íkornarnir sem dansa á trjátoppunum. Við hvíslum þegar aðrir öskra.

Guðmundur Steingrímsson, fráfari formaður Bjartrar framtíðar



STJÓRNMÁL Það voru um sjötíu manns samankomnir á aðalfundi Bjartrar Framtíðar á laugardag, sem haldinn var í íburðarmiklu húsnæði Officera-klúbbsins á Ásbrú í Reykjanesbæ. Fundurinn var þó nokkuð í fjölmíðlum síðustu vikur enda fyrirséð að á honum yrði breytt um forystu í einu og öllu.

Fyrir utan formannskjör voru hefðbundin aðalfundarstörf á dagskránni. Einhver hafði orð á því að formlegheitin væru ivið meiri en tíðkast hefði í Besta flokknum. Þetta liti allt miklu meira út eins og fundur hjá alvöru stjórnmálaflokkum. Orðið vaxtarverkir


kom fyrir hjá öllum sem minnst á fylgisvandræðin. Það er sérstök orðnotkun í síminnkandi flokki.

Fráfari formaður flokksins, Guðmundur Steingrímsson, ávarpaði fundinn í upphafi. Hann ræddi ekki um fylgishrun flokksins, né það að hann væri að láta af embætti. Ræða hans snerist í einu og öllu um að

kveða í kúttinn gagnrýnisráddir sem segja að flokkurinn hafi enga stefnu. Og vitnaði hann í félag sinn Óttarr Proppé. „Við erum íkornarnir sem dansa á trjátoppunum. Við hvíslum þegar aðrir öskra.“

Þegar Óttarr Proppé þingmaður tilkynnti um framboð sitt varð ekkert úr framboði annarra sem voru orðaðir við embættið. „Ég hef ekki þannig séð metnað fyrir því að gegna embætti og vera formaður en ég fann til ábyrgðar og þess að ég hefði eitt-hvað til málanna að leggja. Ég átti ekki von á öðru en að fleiri myndu bjóða sig fram.“ Hann segir ekki mál-efnaágreining innan flokksins. Þó sé viðbúið að einhver áherslubreyting verði með nýjum formanni. Þeir Guðmundur séu ólíkir menn en sam-mála.

Fylgi Bjartrar framtíðar



Stjórnarformaður og formaður flokksins jafnvæg

„Ég lít á þetta sem átaksverkefni til eins árs til að snúa við skipinu,“ segir Brynhildur S. Björnsdóttir, nýkjörin stjórnarformaður Bjartrar framtíðar. Brynhildur bar sig úr bítum í kosningunni með 61 prósent atkvæða. Hún hafði áður boðið sig fram til sama embættis en þá tapað fyrir Margréti Marteinsdóttur.

„Við þurfum að hafa andlegan og pólitískan leiðtoga og það er mín trú að Óttarr Proppé sé hann. En svo þarf skipulagsfríkið og þar kem ég sterk inn.“

Brynhildur er fyrsti varaþingmaður í Reykjavíkarkjördæmi suður. Hún segist ekki hugsa sér að sitja í meira en eitt ár. Snúa þurfi fylgistapinu við. „Það verður að gera það. Kjósendur segja það og þeir hafa rétt fyrir sér.“

Brynhildur S. Björnsdóttir



Heilbrigðismál eru heita kartaflan

Heilbrigðisstefna Bjartrar framtíðar var samþykkt á fundinum. Einkavæðing heilbrigðisþjónustu var hitamál fundarins. Í nýrri heilbrigðisstefnu flokksins kemur fram að Björt framtíð styðji fjölbreytni í rekstri heilbrigðisþjónustu. Sigrún Gunnarsdóttir, sem kynnti stefnuna, tók fram að hún myndi ekki finna sig í flokki sem vildi takmarka einkaframtak. Önnur sjónarmið heyrðust líka. Ein kona lýsti því yfir að sér þætti erfitt að tala fyrir einkavæðingu. Önnur að einkavædd heilbrigðisþjónusta myndi rífa í sundur kerfi sem annars gæti unnið vel saman. Þá lýsti karlmaður því yfir að flokkurinn ætti ekki að velta því fyrir sér hvort einhver væri að græða á þjónustunni. Ef einhver gæti veitt þjónustuna fyrir minni pening en hið opinbera þá ætti að nýta sér það. Kona með reynslu af heilbrigðiskerfinu sagði að hættan við einkavæðingu væri að þá yrði það tekið út sem væri auðvelt og aðgengilegt en opinbera kerfið skilið eftir með erfiða og þunga umönnun. Það gerði vinnuáætlun heilbrigðisstarfsfólks mun verri.

**UP! MEÐ
STUÐIÐ**



e-Up! rafmagnsbíll verð frá:
2.990.000 kr.



Skál.



Skipið Rainbow Warrior sókk í höfninni í Auckland árið 1985. NordicPhotos/Getty

Kafari baðst afsökunar

FRAKKLAND Jean-Luc Kister, kafari frönsku leyniþjónustunnar, baðst í gær afsökunar á árás á skipið Rainbow Warrior, flaggskip Grænfríðunga. Er þetta í fyrsta sinn sem Kister biðst opinberlega afsökunar á árásinni, sem átti sér stað þann 10. júlí árið 1984, en í árásinni lést portúgalski ljósmyndarinn Fernando Pereira.

Kister kom fram í sunnudagsþætti sjónvarpstöðvarinnar TVNZ og sagði hann markmið aðgerðanna ekki hafa verið að drepa neinn skipverja og að hann vildi biðja fjölskyldu Pereira, þá meðlimi Grænfríðunga sem um borð voru og nýsjálensku þjóðina afsökunar.

Grænfríðungar mótmæltu kjarnorkuvopnatilraunum Frakka á Mururoa-eyju í Suður-Kyrrahafi og

átti Rainbow Warrior að sigla til eyjunnar. Árásin átti sér stað í höfninni í Auckland á Nýja-Sjálendi eftir að Kister hafði komið tveimur sprenjum fyrir í skut skipsins, sem sókk samstundis.

„Við urðum að fylgja skipunum, við vorum hermenn,“ sagði Kister sem sagði árásina jafnframt hafa verið óréttláta.

Kister vann ásamt tólf manna teymi sem starfaði fyrir frönsku leyniþjónustuna DGSE og voru tveir starfsmenn leyniþjónustunnar sóttir til saka fyrir árásina, þeir Dominique Prieur og Alain Mafart, sem handteknir voru í Nýja-Sjálendi og dæmdir í tíu ára fangelsi. Þeir játuðu báðir glæpin og sátu að endingu inni í tvö ár. - gló

Kampavín og kúltúr í Frakklandi



Í tiskuborginni París Sölusýningin Hús og hlutir fer fram þessa dagana í Masai-gallerinu í París. Alain Jocard, ljósmyndari AFP-fréttastofunnar, var staddur þar á laugardaginn og smellti mynd af nokkrum gestum sem dreypu á kampavíni. NordicPhotos/AFP

Frá kr. **83.900**
m/allt innifalið

12. september í 7 nætur

2 FYRIR **1**

Tenerife

Tamaimo Tropical

Netverð á mann frá kr. 83.900 m.v. 2+1 í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 í stúdíó.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Fjórar sýningar að eigin vali á besta verðinu.

VERTU MEÐ Í VETUR!

Miðasala borgarleikhus.is
568 8000

Heilu fjölskyldurnar sofa á lestarstöðinni

Flóttamenn streymdu frá Ungverjalandi til Austurríkis og Þýskalands í gær. Enn bíða margir í Ungverjalandi eftir því að komast til Þýskalands. Hundruð flóttamanna hafa dvalið áhyggjufullir á Keleti-lestarstöðinni síðustu daga.

UNGVERJALAND „Heilu fjölskyldurnar, gamalmenni og börn sofa á gólfinu á lestarstöðinni Keleti. Hér er magnað andrúmsloft,“ segir Höskuldur Kári Schram fréttamaður, sem staddur er í Búdapest, um stöðu mála í Ungverjalandi. Flóttamenn streymdu frá Ungverjalandi til Austurríkis og Þýskalands í gær, ýmist með lestum, rútum, bílum eða fótgangandi. Enn bíða þó margir í Ungverjalandi eftir því að komast til Þýskalands.

Ríkisstjórn Angelu Merkel lýsti því yfir á dögunum að hún væri reiðubúin að taka á móti miklum fjölda flóttamanna og er það ein ástæða mikils straums flóttafólks þangað. Á BBC segir að um tíu þúsund flóttamenn hafi komist til Þýskalands í gær. „Hundruð manna fóru hédan í gær og maður sér að það er ekki eins mikið af fólki hérna núna eins og var á laugardaginn. Stærsti hluti fólksins sem var hér er farinn. Svo er ekki vitað hvort það komi nýr straumur af flóttafólki hingað.“

Ungverjaland hefur verið miðpunktur í flóttamannastraumnum undanfarið, en flóttafolk frá Mið-austurlöndum og Afríku hefur streymt til Evrópu yfir Miðjarðarhaf. Flestir þeirra sem koma til Ungverjalands eru að flýja borgarastyrjöldina í Sýrlandi, sem hefur lagt landið í rúst



Ungir sem aldrei dvelja á lestarstöðinni. Fréttablaðið/Bjarni

Fólkið hérna bíður bara milli vonar og ótta. Þau vita ekkert hvort þau séu að fara að hefja nýtt líf í Þýskalandi eða hvort þau verði send aftur til baka.

Höskuldur Kári Schram, fréttamaður

og kostað þúsundir lífið. Flestir hafa farið í gegnum Tyrkland, Grikkland og Makedóníu á leið sinni. „Ég talaði við um tuttugu flóttamenn hér í dag og allir sem ég talaði við komu frá Sýrlandi eða Afganistan og voru að flýja stríðsátök.“

Samkvæmt upplýsingum frá Sam-einuðu þjóðunum hafa rúmlega

50.000 flóttamenn komið til Ungverjalands undanfarið mánuð.

Keleti-lestarstöðin komst í heimsfréttirnar í síðustu viku eftir að henni var lokað fyrir flóttamönnum af yfirvöldum í tvo daga. Yfirvöld í Ungverjalandi hafa verið sökuð um mikla harðneskju í garð flóttamanna en lögreglumenn hafa fengið auknar heimildir til valdbeitingar.

Höskuldur segir fólkið á Keleti-lestarstöðinni vera fullt af ótta. „Fólkið hérna bíður bara milli vonar og ótta. Þau vita ekkert hvort þau séu að fara að hefja nýtt líf í Þýskalandi eða hvort þau verði send aftur til baka. Fólkið hefur engin réttindi, ekkert vegabréf og vill ekki snúa aftur til heimalandsins,“ segir Höskuldur um ástandið á lestarstöðinni.

„Fólkið er þó ekki hungrað og hafa íbúar Búdapest komið með matargjafir. Fólkið er þó á vergangi og er því ekki hreint. Það hefur þurft að vera í sömu fótunum í langan tíma. Þó eru einhverjir útíkrannar hérna sem fólk getur notað til þess að þrifa sig. Sú aðstaða er þó takmörkuð,“ segir Höskuldur.

Höskuldur segir að það auki á óvissuna að sögusagnir séu uppi um að til standi að loka landamærum Austurríkis fyrir flóttamönnum.

nadine@frettabladid.is

PEUGEOT 308SW

SPARNEYTIÐ LJÓN Á VEGINUM

CO₂ 85g - ELDSNEYTISEYÐSLA 3,2L/100km*



PEUGEOT 308SW

kostar frá kr. **3.595.000**

NÚ FÁANLEGUR MEÐ
**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**



PureTech Prófaðu nýja PureTech bensín túrbó vél og upplifðu gjörbreytta akstureiginleika. 1.2l Turbo, 130 hestafla vélin var nýverið valin Engine of the Year 2015**. Fáanleg bæði með beinskiptingu og sjálfskiptingu.



BlueHDi Nýju BlueHDi dísilvélar Peugeot bjóða upp á allt það besta sem er í boði í hágæða, eyðslu-grönnum dísilvélum. Með CO₂ útblástur frá 85g, 120 hestöfl og 3,2L/100km meðaleyðslu. Fáanleg bæði með beinskíptingu og sjálfskíptingu.

Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

Þó Peugeot 308SW hafi hlotið fjölda verðlauna eins Bíll ársins á Íslandi 2015 og Car of the Year 2014, þá er meira sem telur og sker Peugeot 308SW frá samkeppninni. Ómótstæðilegir akstureiginleikar, vélar sem valdar hafa verið Vélar ársins** 9 ár í röð, eldsneytiseyðsla frá 3,2L/100km og CO₂ útblástur frá 85g/km eru eiginleikar sem einfaldlega erfitt er að keppa við. **Svo er hann fáanlegur með 5 ára ábyrgð. Komdu og prófaðu Peugeot 308SW, bíl sem á sér ekki jafningja.**

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagördum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsátlar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



* Peugeot 308SW er með CO₂ útblástur frá 85g og eldsneytiseyðslu frá 3,2L/100km miðað við blandaðan akstur. ** Engine of the Year Awards

Með fölsuð vegabréf í leit að öryggi


Flestir þeirra flóttamanna sem teknir eru í Leifsstöð með ólögleg skilríki eru á leiðinni til Kanada. Meirihluti þeirra hefur áður sótt um hæli innan Schengen-svæðisins. Rannsóknarlögreglumáður á Suðurnesjum spyr hvort Dyflinnarreglugerðin virki sem skyldi.

FLÓTTAMENN „Það er aldrei neitt annað en örvæntingin sem stýrir för og þráin eftir öryggi og skjóli,“ segir Björn Teitsson, upplýsinga- fulltrúi Rauða krossins, um þá hælisleitendur sem stöðvaðir eru á leiðinni hingað til lands með fölsuð skilríki. Það sem af er þessu ári hefur lögreglan í Leifsstöð stöðvað 29 manns ýmist með fölsuð vegabréf eða vegabréf annarra. Af þessum 29 ætluðu 22 áfram til annarra landa. Þar af hafa 17 sótt um hæli hér á landi en 16 verið ákærðir og hlotið fangelsisdóm fyrir. Rauði krossinn hefur bent á að fangelsun hælisleitenda vegna skjalafals megi túlka sem brot á flóttamannasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

„Eðli orðsins flóttamaður er einhver sem er á flótta af því hann upplifir sjálfan sig eða fjölskyldu sína í lífshættu. Ef þú þarft að leita allra leiða til að komast úr brennandi húsi t.d., þá ertu ekki að setja spurningarmerki við það þótt þú farir út um stiga sem á venjulega ekki að nota. Það er kannski það sama ef þú ert á flótta, þá leitar þú væntanlega allra leiða til að komast burt og myndir þá jafnvel ekki setja fyrir þig að komast yfir skilríki sem þú veist ekki hvort er lögleg eða ekki,“ segir Björn.

Hann bendir þó á að samkvæmt drögum að lagafrumvarpi um útlendinga sé gert ráð fyrir að hætt verði að refska hælisleitendum fyrir skjalafals og því fagni Rauði krossinn.

Leid þeirra sem teknir hafa verið með fölsuð vegabréf í Leifsstöð í ár



Eiríkur H. Sigurjónsson, rannsóknarlögreglumáður hjá Flugstöðvardeild Lögreglustjórans á Suðurnesjum, bendir á að ellefu af þeim sautján sem sótt hafa um hæli hafi sótt um hæli áður á Schengen-svæðinu. „Þá veltir maður fyrir sér tilgangi Dyflinnarsamstarfsins. Þetta er svoltið íþyngjandi fyrir Evrópu í heild

sinni að fólk geti farið á milli landa og sótt um hæli á nýjum og nýjum stað þótt vissulega þurfi maður að hafa í huga réttindi þessa fólks og aðstæður,“ segir hann. „Það kannski skýrir að einhverju leyti af hverju við erum með tiltölulega fáa sem fá stöðu flóttamanns,“ segir Eiríkur. ingvar@frettabladid.is

Fjöldi af hverju þjóðerni

Sómalar 7	Íranar 2	Serbi 1
Albanar 5	Kósóvói 1	Pakistani 1
Sýrlendingar 4	Afgani 1	Palestinumaður 1
Kasakar 3	Íraki 1	Úkraínumaður 1
		Nígíríumaður 1

Pakkaður tilboðsbíll



Volkswagen Transporter á tilboði

Nú býðst Volkswagen Transporter, hlaðinn búnaði, á einstöku tilboðsverði.

VW Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft traustan og áreiðanlegan vinnubark sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni.

Volkswagen Transporter er framhjóladrifinn með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn. Tilboðsbíllinn kemur meðal annars með fullklæddu flutningsrými, þráðlausu simkerfi, olíumiðstöð og tengi fyrir Mp3 spilara.

Búnaður í tilboðsbíl

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Hæðarstillanlegt öikumannssæti með 2 armpúðum
- Bekkur fyrir 2 farþega
- Loftpúðar fyrir öikumann og farþega
- Útvarp með geislaspilara
- Tenging fyrir MP3 spilara
- Klukka
- Fullkomin aksturstólva
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Klæðning í hliðum
- Webasto olíumiðstöð
- Krossviðspalta á gólfi
- Fullkomið þráðlaust simkerfi

Transporter tilboðsbíll kostar aðeins frá

4.270.000 m/vsk

(3.443.548 kr. án vsk)



Atvinnubílar

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík

Ford Fiesta er
mest seldi smábíll Evrópu



Nýi besti vinur þinn?

➤ **Ford Fiesta frá 2.390.000 kr.** *Glæsilegur staðalbúnaður
Komdu og prófaðu
mest selda smábíl Evrópu*

5 dyra • MyKey • Fáanlegur með vél ársins (*International Engine of the Year*) þrjú ár í röð • Hiti í framsætum 3,5 tommu upplýsingaskjár • AUX og USB tengi • Fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur • Samlitaðir stuðarar Rafdrifnir og upphitanlegir hliðarspeglar • Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40 • Samlituð vindskeið • 6 hátalarar Einstaklega rúmt farangursrými (290 lítra) • Frábær í endursölu • Start Stop spartækni • Brekkuaðstoð Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna • Samlitaðir hliðarspeglar • EasyFuel ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn • Ofnæmisprófuð efni í innréttingu • Fáanlegur sjálfskiptur á frábæru verði 5 stjörnu öryggi • Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns



ford.is

20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hó/EcoBoost 100 hó, beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hó, sjálfskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Pallettu tjakkur

MÚRBÚÐARVERÐ

EP Pallettu-tjakkur
2 tonna lyftigeta

38.900

MÚRBÚÐIN


Sími 412 2500 www.murbudin.is

HEILBRIGÐISMÁL

Nýjar reglur í smíðum Starfshópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins sem semja átti verklag um alvarleg atvik í heilbrigðisþjónustu, svo sem dauðsföll, hefur skilað skýrslu. Skoða á hvort taka eigi upp ákvæði um hlutlæga refsiaþbyrgð í hegningarlögum.

STJÓRN MÁL

Ríkisráð í dag Í dag fer fram fundur hjá Ríkisráði Íslands á Bessastöðum. Fundurinn hefst klukkan ellefu. Ríkisráð skipa forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og ráðherrar ríkisstjórnarinnar.



David Cameron, forsætisráðherra Breta, er hlynntur því að Bretland verði áfram aðili að Evrópusambandinu. En hann vill að breytingar verði gerðar á starfsemi þess. NordicPhotos/AFP

Meirihlutinn vill úr ESB

Ný könnun sýnir að naumur meirihluti Breta vill yfirgefa Evrópusambandið. Það þykir gefa andstæðingum aðildar byr í seglin nú þegar þing kemur saman. Flóttamannavandinn í Evrópu virðist hafa áhrif á afstöðu fólks til aðildar.

BRETLAND Meirihluti breskra kjósenda vill að Bretland yfirgefi Evrópusambandið. Þetta sýnir ný könnun sem Mail on Sunday birti um helgina. Niðurstöður sýndu að ef atkvæði yrðu greidd núna myndi 51 prósent greiða atkvæði með því að Bretland færi úr Evrópusambandinu en 49 prósent myndu greiða atkvæði gegn því. Þessar niðurstöður ganga þvert gegn niðurstöðum fyrri kannana, sem hafa flestar sýnt að nokkur meirihluti Breta vill vera áfram í Evrópusambandinu. Í júlí sýndu niðurstöður skoðanakönnunar að 54 prósent væru fylgjandi því að Bretar væru áfram aðilar að Evrópusambandinu en 46 prósent væru andvíg því að Bretar væru áfram.

Breska blaðið The Independent

segir að stjórnmálamenn muni varast að lesa of mikið í niðurstöður einnar könnunar, sérstaklega þar sem munurinn sé svona lítill. En könnunin kunni þó að hringja einhverjum viðvörðunarböllum hjá David Cameron forsætisráðherra. Forsætisráðherra er þeirrar skoðunar að Bretland eigi að vera áfram aðili að Evrópusambandinu, en gera þurfi breytingar á sambandinu. Hann hafði hugsað sér að láta þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram að ári. Atkvæðagreiðslan þarf að fara fram áður en 2017 er liðið.

The Independent segir líka að niðurstöður könnunarinnar verði byr í seglin fyrir þá sem vilja koma Bretlandi út úr Evrópusambandinu, þegar þingmenn koma saman eftir

sumarleyfi í dag. The Mail on Sunday hefur tengt niðurstöður skoðanakönnunarinnar við flóttamannavandann og breytingar sem hafa verið gerðar á spurningunni sem borin er fyrir þáttakendur.

Yfir 20 prósent þeirra sem vilja vera í Evrópusambandinu segja að þeir myndu hugsanlega breyta afstöðu sinni ef flóttamannavandinn versnar. Myndir sem birtast af hinum þriggja ára gamla Aylan Kurdi drukkuðum á strönd í Tyrklandi hafa aukið samúðina gagnvart Sýrlandi og flóttu. Engu að síður segja 29 prósent svarenda að Bretar eigi ekki að samþykka neina flóttamenn frá Sýrlandi. Fimmtán prósent sögðust vilja leyfa 10 þúsund flóttamönnum að koma. jonhakon@frettabladid.is

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

Framúr stefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015

KALLAÐ ER EFTIR HUGMYNDUM SEM EFLA ÍSLENSKAN SJÁVARÚTVEG OG TENGDAR ATVINNUGREINAR



Markmið samkeppninnar er að finna framsæknar og frumlegar hugmyndir sem skapa umræðugrundvöll eða nýja hugsun í sjávarútveginum. Við mat á hugmyndum verður m.a. litið til eftirfarandi þátta:



Svifaldan, verðlaunagripur Framúr stefnuhugmynda Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Frumleika, virðisauka, sjálfbærni og ímyndar greinarinnar út á við

Verðlaunaféð er kr. 500.000 en auk þess fá hugmyndirnar kynningu og sérstaka viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni 19.–20. nóvember á Hilton Reykjavík Nordica.

Í umsókn þarf að lýsa hugmynd á hnitmiðaðan hátt, koma með tillögu að framkvæmd og geta til um væntanlegan afkastur og góð áhrif á ímynd íslenskra afurða (hámark 2 bls.). Skilyrðin eru tvö:

Hugmyndin þarf að vera framúr stefnuleg

Hugmyndin þarf að vera raunhæf

Frestur til að skila inn framúr stefnuhugmynd er 15. október 2015. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sjávarútvegsráðstefnunnar www.sjavarutvegsradstefnan.is

Aðal styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015



Viltu meðhöndla liðverkinn án þess að taka töflur?

Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.



Lyfjaauglýsing

20% afsláttur

Gildir til 14. september

Inniheldur 11,6 mg af dikklofenakvætílamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlapi borði á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddi í stökkefni skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð 17 sólarhringa. Frábendingar: Ólæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, asetylísalísýlryu og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsaklæða eða bráða nefslímudögu af völdum asetylísalísýlryu eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbögu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæði með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ólnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hættu á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á eittekum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjafi eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.

Beta

**KYNNINGAR-
TILBOÐ**

1

Verkfæraskápur C24S/7 147 verkfæri - EASY

- 7 skúffur (588x367 mm) á sterkum renni-
brautum
- Skúffubotn varinn með mjúkri gúmmímottu
- 4 hjól 125 mm
- 2 hjól föst og 2 með beygju, bremsa
- Central-læsing fyrir skúffur á framhlið
- Thermoplast-vinnuborð sem ber allt að
800 kg þunga
- Flösku-/brúsahaldari á hlið.
- Hægt að bæta við pappírsrúlluhaldara

148.000 kr. m. vsk
(fullt verð 187.317 kr.)



**KYNNINGAR-
TILBOÐ**

2

Verkfæraskápur C24S/7 265 verkfæri - PRO

- 7 skúffur (588x367 mm) á renni-
brautum
- 265 vönduð verkfæri í skápnum
- Skúffubotn varinn með mjúkri gúmmímottu
- 4 hjól 125 mm
- 2 hjól föst og 2 með beygju, bremsa
- Central-læsing fyrir skúffur á framhlið
- Thermoplast-vinnuborð sem ber allt að
800 kg þunga
- Flösku-/brúsahaldari á hlið
- Hægt að bæta við pappírsrúlluhaldara

240.916 kr. m. vsk
(fullt verð 344.167 kr.)

Nú fæst Beta hjá Iðnvélum!

- Iðnvélar hafa tekið við umboði fyrir hin heimspekktu Beta verkfæri

Fagfólk í handverki þekkir vörurnar frá Beta enda hafa þær getið sér orð fyrir gæði og endingu bæði hérlendis sem erlendis. Allt frá árinu 1938 hefur Beta leitast við að uppfylla þarfir fagfólks með rómaðri ítalskri hönnun og gæðaframleiðslu.



21 hluta topplyklasett 3/8"
009100936
25.366 kr.



26 hluta topplyklasett 1/2"
009200950
30.829 kr.



34 hluta topplyklasett
009000987
8.999 kr.



72 hluta topplykla- og bitasett
009031983
25.822 kr.



**39 hluta skrúfjárnasett
með bitum 012560100**
6.512 kr.



8 hluta skrúfjárnasett
01230018
3.717 kr.



Loftlykill 1/2" 1750Nm.
019270008
40.993 kr.

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

SKOÐDUN

Til hamingju og takk fyrir skutlið



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er gaman að vera Íslendingur með áhuga á íþróttum þessa dagana, eins og reyndar flesta aðra daga. Arangur íslenskra íþróttamanna á alþjóðavettvangi er með hreinum ólíkindum og með sönnu ástæða til þess að óska karlalandsliðinu okkar í fótbolta til hamingju með glæsilegan árangur. Og hamingjuóskir til kórufoltastrákanna sem eru að standa sig með sóma í Berlín þessa dagana og svo eigum við svo mikið af ungu og efnilegu fólki, bæði stúlkum og drengjum, að það er alveg með ólíkindum.

Það er blómlegt íþróttastarf á Íslandi. Um allt land er gríðarlega öflugt æsku- og íþróttastarf í fjölda þróttmikilla félaga. Starf þar sem er leitast við að bjóða börnum og unglíngum heilnæmar tómstundir sem og faglega þjálfun fyrir þá sem hafa hug á því og hæfileika til að taka íþróttaiðkun sína lengra. Jafnvel alla leið á EM í fótbolta í Frakklandi næsta sumar.

Að baki þessum árangri liggur gríðarleg vinna. Vinna þeirra ungmenna sem æfðu af kappi, völdu heilbrigðan lífsstíl og létu drauma sína rætast. Ómæld vinna þeirra sem sinntu þjálfun af fagmennsku og áhuga, sóttu sér menntun og sérhæfingu og mótuðu afreksfólk dagsins í dag. En síst af öllu skyldi þó gleyma því gríðarlega sjálfbodaliðastarfi sem er í raun meginstöð íþróttahreyfingarinnar á Íslandi í dag og hefur alltaf verið.

Af því tilefni er ljúft og skylt að senda hamingjuóskir til þeirra góðu kvenna og karla sem skutluðu á æfingar og leyfðu fótbolta í garðinum sínum. Til allra þeirra sem þvöðu botnlausu IKEA-poka fulla af sveittum, skítugum leppunum sem á stundum hafa verið keyptir meira af vilja en mætti – förnfýsi fremur en aurráðum. Til þeirra sem seldu bílfarma af klósettpappír, flatkókum, lakkris og harðfiski um helgar og nýttu svo sumarfríð sitt í að vera fararstjórar í íþróttuferðum og skipulögðu, þóssuðu, snýttu og hugguðu hetjur fram-tíðarinnar þegar á móti blés. Til þeirra sem á hverjum degi halda utan um starf félaganna í óþakklátri baráttu fyrir þolanlegum fjárhag og gæta hagsmuna iðkenda með því að sjá þeim fyrir faglegum og hæfum þjálfurum.

Framlag þessa fólks er ekki síst lykillinn að þeim frábæra árangri sem gleður þjóðina og fyllir hana stolti. Lykillinn að því að það íþróttastarf sem börnum býðst á Íslandi er einfaldlega langtum öflugra en gerist víðast hvar annars staðar í veröldinni og jafnvel þó svo að við berum okkur saman við okkar góðu grannþjóðir.

Þetta fólk skiptir þúsundum og þau skipta sköpum á hverjum degi. Þeir sem nú hafa náð glæsilegum árangri og fagna honum verðskuldað þekkingu þessa fólks og þakka þeim nú efallítið fyrir förnfýsina og dugnaðinn. Það gerum við hin líka. Takk.



Til allra þeirra sem þvöðu botnlausu IKEA-poka fulla af sveittum, skítugum leppunum sem á stundum hafa verið keyptir meira af vilja en mætti – förnfýsi fremur en aurráðum.

Halldór



Frá degi til dags

Hvað gerir Ólafur?
Alþingi verður sett á morgun með hefðbundnum hætti. Einn af föstum liðum er ávarp forseta Íslands. Kjörtímabili forseta lýkur í sumar og mögulega fer fram kosning um embættið í vor. Hefðin er sú að forseti upplýsi við setningu Alþingis eða í nýárs-ávarpi sínu hvort hann hyggist gefa kost á sér annað kjörtímabil eða hverfa á braut. Það verður því spennandi að biða eftir innihaldi ávarps Ólafs Ragnars Grímssonar. En það er þó allt eins líklegt að hann láti sér nægja að lesa þingmönnum pistilinn vegna starfa þeirra og haldi kjósendum í spennu fram að áramótum.

Óljós munur
Þeir Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, og Óttarr Proppé, nýkjörinn formaður Bjartrar framtíðar, áttu það sameiginlegt að vera gestir Sigurjóns M. Egilssonar í þættinum Sprengisandi í gær. Báðir eiga það líka sameiginlegt að flokkar þeirra njóta lítills fylgis miðað við skoðanakannanir. Og virðist það raunar fara minnkandi með hverri könnun. Fyrir blaðamann sem hlustar á mál þeirra úr fjarlægð virðist ekki vera reginmunur á málflutningi formannanna tveggja. Mögulega er sameining flokkanna eina raunhæfa leiðin til þess að íslenskir sósíaldemókratar nái vopnum sínum á Alþingi.
jonhakon@frettabladid.is

Við getum múltitaskað



Þórir Guðmundsson
framkvæmdastjóri Hjalparstarfs Rauða krossins

Hin mikla bylgja velvildar í garð sýrlenskra flóttamanna dregur fram allt það besta í þjóðarsálinni. Á nokkrum sólarhringum hafa fleiri en þúsund manns skráð sig til sjálfbodastarfa hjá Rauða krossinum.

En spurningar vakna og sú sem heyrst oftast er: „Eigum við ekki fyrst að hjálpa þeim sem standa okkur nær?“

Þessi spurning er ekki ný. Reynsla okkar hjá Rauða krossinum er samt sú að þeir sem eru reiðubúnir að hjálpa bágstöddum í útlöndum eru yfirleitt þeir sömu og hjálpa bágstöddum á Íslandi.

Kemur ekki niður á annarri aðstoð
Hjá Rauða krossinum í Reykjavík snýst starfið að langmestu leyti um stuðning við berskjaldað fólk í okkar samfélagi. Starfsmenn og sjálfbodaliðar veita heimilislausum konum næturathvarf og útigangsmönnum aðhlyningu. Aðrir vinna með fólki með geðraskanir, heimsækja aldrada og sjúka, vinna með fötludum og veita fjölskyldum í vanda sálrænan stuðning og meðferð. Við aðstöðum líka flóttafólk.

Þessi hjálp er veitt án þess að það komi niður á annarri aðstöð. Starf að málefnum þolenda náttúruhamfara og styrjaldrátaka erlendis gerir okkur þvert á móti hæfari til að sinna verkefnum hér heima. Sálfræðingar og aðrir sérfræðingar Rauða krossins hafa starfað viðs vegar um heim og eru virkir í hjálparstarfi hér heima.

Rík þjóð
Það fólk sem nú skráir sig til sjálfbodastarfa finnur sig knúði til að hjálpa. Það sér mynd af konu úti á Miðjarðarhafi, sem reynir að halda höfði barns fyrir ofan hafflötinn, með dýpið og dauðann fyrir neðan. Það sér mynd af líki barns sem skolar upp á strönd.

Við höldum áfram að sinna þeim sem þurfa aðstoð hér heima. Við getum líka tekið við fólki að flýja hræðilega borgarastyrjöld. Við erum rík þjóð. Og við getum múltitaskað.



Þessi hjálp er veitt án þess að það komi niður á annarri aðstöð.

Viltu vita hvað eignin þín hefur **hækkað** í verði?

Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.



Kristján P. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is



Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Það tekur því alltaf...



Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Með hverju viðtalinu sem birtist við forsætisráðherrann virðist hann færast fjær því að ætla að taka á móti fleiri flóttamönnum frá Sýrlandi en þessum fimm tíu sem talað var um; hann er á flotta undan fyrirheitunum sem gefin voru fyrst þegar bylgja samúðar reis í samfélaginu með sýrlensku flóttafólki.

Undankomubrella?

Allt í einu er hann farinn að tjá sig með vífilengjum; tala um að ekki megi beina um of athygli að því fólki sem komið er til Evrópu til að leita ásjar – það dragi athyglina frá því fólki sem eigi um sárt að binda í Sýrlandi sjálfu.

Ekki eigi með öðrum orðum að sinna þeim sem til okkar leita því að það gæti orðið til að draga athygli frá vanda þeirra sem ekki hafa enn komist til að leita til okkar.

Vonandi hef ég misskilið hann en svona tal virkar á mann eins og hann sjái fyrir sér að Íslendingar eigi að láta þar við sitja að einbeita sér að því að styðja þau öfl sem líkleg séu til að koma á friði í Sýrlandi, jafnvel láta fé af hendi rakna. Það er að sjálf-sögðu rétt – en útilokar ekki hitt, að taka á móti fleira flóttafólki. Þetta virkar eins og undankomubrella, svolitíð eins og að neita manni með brunasár eftir eldsvoða um fyrstu-hjálp á þeirri forsendu að nú riði á að slökkva eldinn. Það tekur því alltaf að bjarga mannlífi.

Fjármálaráðherrann hljómaði að vanda eins og dauflegt bergmál af síðasta leiðara Morgunblaðsins – en á öðrum ráðherrum mátti skilja að meiri myndarskapur í móttöku flóttamanna jafngilti „yfirboðum“, eins og málið snúist um eitthvað annað en þau mannlíf sem í húfi eru og bjarga má. Hér er reyndar rétt að

undanskilja Eygló Harðardóttur, velferðarráðherrann í ríkisstjórninni, sem augljóslega er öll af vilja gerð í þessu máli eins og mörgum öðrum þar sem hún reynir að láta gott af sér leiða.

Fólk að drukna ha ha ha...

Við þurfum að tala aðeins um Morgunblaðið. Auðvitað ríkir hér prentfrelsi og auðvitað mega allir kaupa og lesa Moggann sem það vilja – þó það nú væri. En það ber heldur engum skylda til að hafa velþóknun á því sem streymir frá þessari aflstöð neikvæðni og hleypidóma.

Í Morgunblaðinu er sérstakur teiknari hafður í því að búa til gamanmál að hætti hússins, og hafa seinustu skrytlurnar fjallað um eynd sýrlenskra flóttamanna, sökkvandi skip, drukknandi fólk. Sumir verja þessar myndir með vísan til þess að viðkomandi megi þetta víst – eins og það verði eitthvað myndnara við það – og leggja þá að jöfnu skopteikningar með gríni um hugmyndafræði og kennisetningar á borð við íslam og svo þetta: að gera gys að allslausu fólki á flotta til að bjarga lífi sínu. En þetta er einmitt ekki sambærilegt: það má og á að gera grín að öllum hugmyndum sem mennirnir láta sér detta í hug, mannlegar hugmyndir eru aldrei heilagar, en deyjandi fólk er ekki sérlega heppilegur hláturvaki.

Meðal þeirra verkefna sem tédur teiknari innti af hendi var að búa til myndna mynd um að það fé sem rennur til flóttafólks sé tekið af því fé sem ella rynni til aldraðra og öryrkja og annarra heilbrigðismála, og var

Fólk lítur almennt ekki á það sem lífsstarf eða köllun að vera hælisleitandi, eiga sér ekkert skjól. Það vill upp til hópa gera eitthvað, skapa sér heimili og tilveru, finna virði sitt og gildi í framtaki.

árangurinn í myndinni eins og til var stofnað.

En maður verður stundum var við þetta sjónarmið: erum við nokkuð aflögufær hér? Er ekki nær að við hugsum um þá sem hér á meðal okkar eiga um sárt að binda? Þar með virðist gert ráð fyrir fastri upphæð handa bágstöddum sem sé til skiptanna, sem í sjálfu sér er fánleg hugmynd. Sumir sitja og reikna baki brotnu þann ógurlega kostnað sem hljótist af því að bjarga erlendum mannlífum og veita fólki hér hæli, og er eins og aldrei hvarfli að neinum að þetta fólk kunni jafnvel eitthvað fyrir sér sem gagnast gæti öðrum og samfélaginu í heild. Aldrei virðist neinum af þessum áhyggjufullu reiknimeisturum detta í hug að flóttamaður dagsins kunni að vera logsuðumaður morgundagsins eða lækni, skúringameistari eða listamaður. Nú eða smíður, eins og hælisleitandinn Jósep, heitmaður Mariu.

Fólk lítur almennt ekki á það sem lífsstarf eða köllun að vera hælisleitandi, eiga sér ekkert skjól. Það vill upp til hópa gera eitthvað, skapa sér heimili og tilveru, finna virði sitt og gildi í framtaki. Sjálfur hef ég aldrei skilið þá hugmynd að umsvif einnar manneskju séu til þess fallin að þrengja að minnum: að pólskur pylsugerðarmaður standi minni matargerð á einhvern hátt fyrir þrifum eða verkfræðingur frá Eritreu sé til þess fallinn að varpa skugga á hugsanlegt framlag mitt til verkfræðinnar. Fá fólk hér vinnu og þrífist það hér – sem alls ekki er sjálfgefið, í fásinninu og myrkrinu – þá nýtist það samfélaginu, burtséð frá því hvort það er leiðinlegt eða skemmtilegt, vont eða gott í málfræði, trúir á þennan guðinn eða hinn, er með langa þumalputta eða stutta – eða jafnvel enga – brúna húð eða föla.

Það tekur því alltaf að bjarga mannlífi. Það gefur líka þeim sem réttir fram hjálparhönd tilfinningu fyrir eigin virði; og samfélagslegt átak til að taka á móti flóttafólki gefur okkur öllum þá kennd að hér ríki að minnsta kosti stundum og í sumum tilvikum, mannúð og kærleikur. Og kærleikurinn fellur aldrei úr gildi.

Hvað þarf til að hvert mannlíf skipti máli?



Eymundur Eymundsson
ráðgjafi og í bata af geðröskunum

Ég, ásamt fleirum, hef rekið mig á ymislegt sem þarf að breyta í geðheilbrigðiskerfinu og mætti nýta sér meira sjónarmið fólks sem er að glíma við geðraskanir. Af hverju eru ekki fleiri batafulltrúar sem hafa glímt við geðraskanir að vinna á geðdeildum? Einn á Landspítalanum en enginn á Akureyri.

Ég hef kallað eftir því að batafulltrúi fólks með geðraskanir verði ráðinn á geðdeild SAK á Akureyri sem getur verið milliliður skjólstaðinga og aðstandenda. Við vitum að það getur verið effitt að leita sér aðstoðar og oft og tíðum standa skjólstaðingar og aðstandendur ráðþrota og vita ekki hvert þau geta leitað og hvaða úrræði standa til boða. Aðstandendur hafa oft og tíðum verið út undan og staðið algjörlega ráðþrota í einskismannslandi með veikan einstakling sem þarf hjálpa.

Grófin – geðverndarmiðstöð mun vera með 2-3 fræðsluvöld með fagmönnum fram að áramótum fyrir þau sem hafa áhuga á geðheilbrigðismálum og hvað getur hjálpað. Vonandi munu aðstandendur líka nýta sér

þetta tækifæri en þetta verður auglýst vel og vandlega þegar nær dregur.

Nú er verið að móta nýja geðheilbrigðisstefnu en verður hlustað á félagasamtök og þeirra sýn á kerfið? Hvernig vinnur kerfið með félagasamtökum og er fólk látið vita af úrræðum sem eru í boði í samfélaginu? Búsetudeild á Akureyri er að gera góða hluti og sama má segja um Lautina með sína skjólstaðinga, enda nauðsynlegt að hafa mismunandi úrræði í samfélaginu.

Stjórnevöld

Er félagsamtökum mismunandi á höfuðborgarsvæðinu eða eftir landshlutum? spyg ég stjórnevöld. Hugarafi í Reykjavík fer í alla grunn- og framhaldsskóla höfuðborgarsvæðis og víðar með geðfræðslu sem hefur hjálpað ungmennum að leita sér aðstoðar. Grófin – geðverndarmiðstöð á Akureyri stefnir að því að gera það sama, auk þess sem kennarar og starfsfólk

